



Skólaráðsfundur

Dagsetning: 21. janúar 2019

Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Aron Óttar fulltrúi foreldra var fjarverandi, Guðvarður fulltrúi foreldra, Edda og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks. Mikael og Emma Rós fulltrúar nemenda, Ólafur Þór fulltrúi grendarsamfélagsins var fjarverandi.

1. Fjárhagsáætlun

Einhver aukning er frá fyrra ári en ekki hefur borist sundurliðun.

2. Starfsáætlun 2018 – 2019

Verið er að leiðrétta og laga hana. Hún verður tilbúin í febrúar.

3. Myndasamþykki

Foreldrum verður send samþykkiseyðublöð í vikunni til undirskriftar. Eyðublöðunum á síðan að skila í foreldraviðtalinu þann 29. janúar. Gert er síðan ráð fyrir að myndasamþykkisböðin verði höfð með þegar nemendur innritast í skóla.

4. Bréf frá foreldrafélaginu

a. Vorhátíð

Í öðrum skólum er hún eftir skóla eða á laugardögum. Ef hún er á skólatíma mæta fáir foreldrar. Rætt á næsta fundi Foreldrafélagsins..

b. Hjól í skólastofu

Fundarmenn tóku vel í þá hugmynd foreldrafélagsins.

5. Ípadar fyrir mið deild og nemendur í 8. bekk

Ípad samningar eru nú komnir og verða kynntir fyrir nemendum og sendir heim til foreldra í vikunni. Þá geta nemendur fengið Ípadana í næsta mánuði. Fundarmenn fóru yfir samninginn.

6. Námsviðtölin þann 29. janúar.

Um miðja vikuna fá foreldrar sendan Hvalrekann með upplýsingum um hvernig miðsvetrarmati verður háttað. Foreldrar fara inn á Mentor og skoða hæfnikort nemenda til að sjá hver námsleg staða barna þeirra er. Til að draga saman er gefin einkunn í framvindu í 5. – 10. bekk. Foreldrar þurfa að skoða námsmatið í Mentor fyrir námsviðtölin og punkta hjá sér ef þeir vilja ræða eitthvað sérstakt.

7. Skólaárið 2018 – 2019

Farið var yfir það helsta sem er á döfinni s.s. Jón Ragnar kemur með fræðslu til nemenda í 8. bekk, Hugrún geðfræðsla er fyrir nemendur í 9. bekk, Sigga Dögg

kynfræðingur kom til nemenda í 8. og 10. bekk, námsviðtöl eru 29. janúar, vetrarfríið í lok febrúar, Laugar fyrir nemendur í 9. bekk og Reyki fyrir nemendur í 7. bekk.

8. Matarmál – tillaga frá stýrihópi fræðsluráðs

Við erum með hafragrautinn.

Höfum ekki tekið upp grænmetisáskriftina. Til þess þarf starfsmann til að sjá um það og einnig þarf einhver að halda utan um áksriftina og sjá um innheimtuna e.t.v. innheimtukerfi. Æskilegt að þetta sé boðið út með hádegismatnum þannig að þetta komi að morgni tilbúið í skólana.

Koma þarf á gæðaeftirliti með matarmálum skólanna. Það er ekki ásættanlegt að stundum sé margt sem á að vera á boðstólnum búið þegar síðasti nemendahópurinn kemur í mat, hjá okkur kl. 12:20. Það þarf að vera nógur matur til fyrir alla.

Næsti fundur: 18. febrúar 2019

Fundi slitið kl. 15:52

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir.